



## TILKYNNING FRÁ SVALBARÐSSTRANDARHREPPI VEGNA FORSETAKOSNINGA 2020



Kjörfundur verður laugardaginn 27. júní 2020 og hefst kl. 10:00. Kosið verður í Valsárskóla (gengið inn að sunnan).

Stefnt er að lokun kjörfundar kl. 18:00 en tekið skal fram að ekki má loka kjörstað fyrir kl. 22:00 nema kjörfundur hafi staðið í átta tíma og hálf tími sé liðinn frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Kjósendur eru því hvattir til að mæta nægilega snemma til að tryggja að þeir geti greitt atkvæði. Ennfremur eru kjósendur beðnir að hafa skilríki meðferðis.

Nánari upplýsingar um forsetakosningarnar er að finna á <http://kosning.is>.

## UPPREKSTUR Á AFRÉTT

Í sumar verður heimilt að sleppa sauðfé í Vaðlaheiði frá og með 17. júní og stórgripum frá og með 1. júlí. Búfjáreigendur eru beðnir að gæta að ástandi gróðurs í heiðinni áður en þeir sleppa fé sínu og fresta upprekstri ef ástæða er til.

Eigendur stórgripa eru minntir á það að stórgripum skal smalað fyrir lok október. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps [www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is)



## AÐALFUNDUR SKÓGRÆKTARFÉLAGS SVALBARÐSSTRANDAR

Aðalfundur Skógræktarfélags Svalbarðsstrandar verður haldinn fimmtudaginn 25. júní 2020, kl. 20:00 í Vaðlabrekku 15 í Svalbarðsstrandarhreppi. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Um leið og félagsmenn eru hvattir til að mæta, eru nýir félagar boðnir velkomnir. Ef veður leyfir verður fundurinn haldinn utandyra.

Stjórnin

## DAGSKRÁ SUMARSINS

Fjölbreytt dagskrá í sumar fyrir alla aldurshópa. Dagskrá er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins [www.svalbarðsstrandond.is](http://www.svalbarðsstrandond.is).

Eldri borgarar hittast í kaffi í Ráðhúsinu á Þriðjudögum. Í ljósi þess að fresta þurfti hádegisverði eldri borgara í samkomubanni hefur sveitarstjórn ákveðið að bjóða hópnum í hádegismat 2 sinnum í júní og ágúst og 1 sinni í júlí. Hópurinn hittist í Valsárskóla og á heimasíðu sveitarfélagsins er að finna upplýsingar um dagsetningar.

Ungmennafélagið Æskan stendur fyrir íþróttæfingum og boðið verður upp á borðtennisæfingar í Valsárskóla.

Bókasafnið verður opið á mánudögum og miðvikudögum, kaffi verður á könnunni og um að gera að koma við og ná sér í lesefni.

Félagsmiðstöðin verður opin í sumar á sömu tímum og yfir vetrartímann og verið er að undirbúa leikjanámskeið í júlí, fyrir yngstu nemendur grunnskóla sem kallaður er Útiskóli.

Það verður því nóg um að vera í sumar og vonandi nýta Ströndungar sér aukið framboð afþreyingar.

---

### FRÁ ÆSKUNNI!

Í sumar býður Æskan uppá fjálsíþróttæfingar fyrir börn og unglinga (elsta árgang leikskóla og grunnskólanemendur) tvisvar í viku á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:00-18:00. Umsjón með æfingunum hafa Sigríður Ingibjörg Stefánsdóttir og Eir Starradóttir.

Einnig mun félagið bjóða uppá borðtennisæfingar í samstarfi við Akur á Akureyri og verða þær æfingar á Þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:00-18:30 í Valsárskóla.

Aðalfundur Æskunnar verður haldinn 25. júní kl. 20:00 á hreppsskrifstofunni.

---

### KÆRU STRÖNDUNGAR!

Mig langar að kasta á ykkur kveðju og þakka fyrir mig. Mín fyrstu skref sem leikskólakennari steig ég hjá Rögnu Erlingsdóttur og Helgu Stefaníu Þórsdóttur. Þær kvöttu mig og studdu í að finna mína leið í þessu erfiða starfi. Með stuðningi

Þeirra kom ég á útiskóla, sundkennslu og fékk að bæta nuddi inn í dekurdagana. Kanínur og lamb fengu líka að fljóta með. Með Ingu Sigrúnu og sameiningu skólanna, tókst ég á við nýja hugsun og ný vinnubrögð. Að finna leiðir til að kenna 5 ára börnum um þróun mannsins, himingeiminn eða að vera leiðtogi fannst mér spennandi. Ég deildi þeirri sýn með henni að nám barnsins ætti að vera samfelld og stefna á að efla börnin og gera þau að leiðtogum í eigin lífi.

Í 12 ár hef ég keyrt í Álfaborg til að stunda vinnu mína, þar sem sumir dagar hafa verið erfiðari en aðrir, en alltaf hef ég ekið af stað og hlakkað til að mæta. Hlakkað til að sjá hvað ber fyrir augu á leiðinni, það er nefninlega eins og að fara í frí að aka yfir leiruna. Hlakkað til að hitta krakkana mína og samstarfsfólkið. Hlakkað til að finna lausnir og klára verkefni dagsins. Ég hef orðið þess heiðurs aðnjótandi, að teljast til verndara fjörunnar ykkar og formaður allra bestu Þorrablótsnefndarinnar.

Í gegnum starf mitt hér hef ég kynnst góðu fólki, stóru sem smáu. Allt hefur það sett mark sitt á hjartað í mér. Ég hef haft og hef skoðanir, er ekki endilega sammála öllu og ég hef látið þær í ljós. Ég hef stundum talað aðra á mína skoðun, stundum lúffað og stundum náð samkomulagi, svona eins og í lífinu almennt. En þessum nýjustu vendingum í skólamálu ykkar er ég ósammála og nenni ekki að taka þátt í. Því er mál að linnu og ég hef útskrifað minn síðasta árgang úr leikskólanum ykkar.

Ég þakka ykkur öllum af heilum hug og óska ykkur alls hins besta. Dilla

---

## SAFNASAFNIÐ 25 ÁRA 2020



Safnasafnið fagnar því 25 ára afmæli á þessu ári. Af því tilefni er á sýningum safnsins þetta árið sýnt fjölbreytt úrval úr safneigninni og skapað létt og leikandi flæði milli sala og hæða. Gróður leikur stórt hlutverk í sýningunum en einnig letur, umhverfismál, huldufólk, barnslegt hugarfar, kjarnar, innsæi og fagurfræði. Kynnt eru verk eftir um 150 þekktu sem óþekktu höfundu til að flagga fjölbreytileika safneignarinnar. Sýnd eru verk listafólks sem vinnur að list sinni á Sólheimum í Grímsnesi og eru í eigu safnsins en Sólheimar fagna 90 ára afmæli í ár. 200 ár eru síðan að Sölvi Helgason fæddist í Skagafirði og til að minnast þessara 200 ára tímamóta setur Safnasafnið upp sýningu á verkum hans. Magnhildur Sigurðardóttir sýnir kyrtíl sem hún saumaði

samkvæmt hugmyndum Sigurðar Guðmundssonar málara (1833-1874) sem hann setti fram árið 1870 til að stuðla að endurnýjun íslenska kvenbúningins og börnin í Álfborg sýna verk sín í Blómastofu.

Tvær stórar samsýningar opna, önnur heitir Í mamsmynd og samanstendur af 50 verkum sem öll tengjast manneskjunni í einhverri birtingarmynd. Hin ber heitið Gróður jarðar og hugarflugs og hefur sýningarstjórinn Niels Hafstein skapað sannkallaðan töfragarð úr verkum fjölda höfunda. Í bókastofu má



sjá myndlýsingar í handritum. Hreinn Friðfinnsson vinnur með einkennilegan atburð sem gerðist í safninu og Magnús Logi Kristinsson sýnir ljósmyndir af gjörningum. Guðrún Bergsdóttir sýnir útsaumsverk sín þar á meðal er fyrsta myndin sem hún saumaði út án forskriftar og sú nýjasta. Gunnhildur Hauksdóttir samdi hljóðverk að beiðni safnsins eftir uppdráttum að myndvefnaði eftir Jóhönnu Jóhannsdóttur. Helena Ósk Jónsdóttir sýnir teikningar af hestum og hestastyttur í anddyri. Niels Hafstein vekur athygli á vatnsskortri og óþægilegum staðreyndum um vistkerfi sjávar í verkum sínum.

---

## ANTIK SAUMAVÉL

Óska eftir að kaupa antik saumavél, símanúmerið hjá mér 899-6290 Vilborg eða senda póst á [vilborgdaniels@gmail.com](mailto:vilborgdaniels@gmail.com)

---

## FRAMKVÆMDIR Á SVALBARÐSEYRI



Undanfarna daga hefur verið unnið að viðgerðum á malbiki og malbikun á svæðinu í kringum höfnina á Svalbarðseyri. Nýrri flotbryggju hefur verið komið fyrir og öll aðstaða við höfnina að breytast. Sveitarfélagið nýtti sér vinnu Hafnar-samlagsins og ákveðið var að malbika svæðið milli hafnar-svæðisins og áhaldahúss og verður svæðið allt mun snyrtilegra fyrir vikið. Á næstu dögum verður komið fyrir útibekkjum og ruslatunnum og um að gera að fá sér göngutúr á góðviðrisdögum, frá höfninni og áfram að vitanum og unnhverfis tjarnirnar. Við sama tækifæri var stígurinn milli Smáratúns og Borgartúns malbikaður og gagnast bæði gangandi og hjólandi.

